



Alþingi
Erindi nr. P 143/1118
komudagur 20.2.2014

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2014

1309036SA TP
Málalykill: 401

Efni: Frv. til laga um færslu eftirlits með rafföngum til Mannvirkjastofnunar – 213. mál 143. lþ.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. janúar sl. þar sem Sambandi íslenskra sveitarfélaga er gefinn kostur á umsögn um ofangreint þingmál.

Sambandið þakkar fyrir að fá tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri en vegna anna við önnur mál hefur dregist að ganga frá bréfinu.

Almennt um frumvarpið

Ákvæði frumvarpsins geta haft þýðingu fyrir starfsemi sveitarfélaga, þar sem embætti byggingarfulltrúa þeirra eru í miklum samskiptum við Mannvirkjastofnun (MVS) varðandi málefni er varða eftirlit með byggingu og rekstri mannvirkja.

Mikilvægt er að stjórnýsla byggingarmála sé eins skilvirk og kostur er og komið í veg fyrir tvíverknað og óþarflega langar boðleiðir. Sambandið telur að ákvæði frv. séu til þess fallin að mæta þeim markmiðum með því að samskipti byggingarfulltrúa vegna raffanga í mannvirkjum séu við einn aðila í stjórnýslunni, þ.e. MVS. Áréttað er að MVS fer skv. gildandi lögum um mannvirki með margvísleg verkefni í þágu neytendaverndar, þ.e. öryggi, hollustuhætti og vernd notenda mannvirkja,.

Samstarf byggingarfulltrúa og MVS hefur verið gott og farið vaxandi, m.a. með reglulegum samráðsfundum. Eitt af því sem rætt hefur verið um er fyrirkomulag úttekta, en þar reynir m.a. á rafmagnsöryggismál. Mikilvægt er að ekki leiki vafi á því við slíkar úttektir hvaða aðili fari með öryggismál heimilistækja, en eins og rakið er í greinargerð geta þau bæði verið með fasttengingu eða lausa tengingu við raflögn mannvirkis.

Með vísan til þessara sjónarmiða styður sambandið eindregið að frv. nái fram að ganga óbreytt.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs